

Yngstu börn leikskólans- tónlist

Eftirfarandi samantekt er úr bókinni *Stufenblätter für die Krippe – Das Arbeitsmaterial für die individuelle Entwicklungsplanung mit dem Portfolio* (2010) Útgefandi: Antje Bostelmann, Berlin: Bananenblau, Der Verlag für Pädagogen.

Fjallað er um hvernig megi skipuleggja starf með ungum börnum (0-3ja ára) í leikskóla. Lögð er áhersla á hvetjandi umhverfi þar sem börnin geta notið sín í leik á eigin forsendum. Kennarar nota svokölluð þrepablöð til að fylgjast með þroskaferli hvers barns og eru þau hluti af persónulegri ferilmöppu þess.


Hugmyndafræðin byggir á ákveðinni hringrás í námi, það er að skipuleggja í tengslum við leik barnanna, framkvæma, meta og nýta niðurstöður mats til að bæta leikskólastarfið.

Hér á eftir er stiklað á stóru varðandi þau meginatriði sem hugmyndafræðin tekur til:

1. PDSA-hringferli


Stuðst er við módel hins svokallaða PDSA-hringferlis sem þjónar þeim tilgangi að gera skýrari framvindu í skipulagningu kennarans og námi barnanna með því að greina ferlið niður í smærri skref sem auðvelt er að skoða.

Skammstöfunin PDSA stendur fyrir fjögur stig í ferlinu: plan, do, study, act:



- **Plan** Viðfangsefni valin í samræmi við skilgreind námsmarkmið.
- **Do** Viðfangsefnið lagt fram. Börnin öðlast nýja reynslu og þekkingu. Kennararnir taka þátt í þeim leiðangri.
- **Study** Farið er skipulega yfir hvaða árangur varð af viðkomandi innlögn.
- **Act** Á grundvelli framangreindra upplýsinga eru sett fram ný markmið.

Styrkur þessa móðels er ekki síst **study**- þátturinn. Í leikskólaskrifinu er oft horft fram hjá mikilvægi þess að meta litlu skrefin, ekki síst hjá þeim yngstu. Sé PDSA sett í samhengi við þau verkfæri sem kennarinn hefur fáum við eftirfarandi mynd:



2. Náms sviðin sex skilgreind

- **Tungumál** (Málþroski) Það finnast leiðir til að gefa öðrum til kynna ákveðna hluti. Í upphafi er það hægt gagnvart þeim fullorðna sem barnið þekkir. Síðar getur barnið í leik skýrt hugmyndir sínar – því það hefur lært orð sem hin börnin þekkja...¹
- **Atelier** (Myndsköpun) Mannfólkið skilur eftir sig spor- stundum óvart eða meðvitað. Þannig upplifa ung börn sig sjálf sem gerendur. Þau geta haft áhrif og læra um leið að þekkja mismunandi efnisþætti...
- **Hreyfing** (Hreyfiuppeldi, hreyfiþroski, næring) Það eru til leiðir til að yfirgefa staðinn sem maður er staddur á. Það eru til leiðir til að sækja hluti eða bera þá burtu...
- **Tónlist** það eru til margvísleg hljóð: sterk og veik, þægileg og óþægileg. Barnið er fært um að framkalla mismunandi hljóð. Hægt er að ná hljóði úr nær öllum hlutum og – eftir því úr hvaða efni þeir eru – hljóma þeir mismunandi...
- **Universum** (Náttúruvísindi og tækni) Þó hlutir sem umlykja mannfólkið séu mismunandi þá sýna þeir svipuð einkenni þegar ákveðin athöfn á sér stað með þá...
- **Stærðfræði** (Reynsla varðandi stærðifræðileg grundvallaratriði) Hægt er að bera saman eftir stærð hluti eða mannfólkið. Margir hlutir eru svipaðir eða næstum því eins. Það eru til stórir og litlir hlutir. Ólíkir hlutir geta átt ýmislegt sameiginlegt. Þeir geta haft sama eða líkan lit og form...

Hvert náms svið er síðan tíundað á þrepablaði. Þar eru skilgreindir færniþættir sem eru grundvöllur á hverju sviði. Um er að ræða mörg lítil stighækkandi skref sem hjálpa hinum fullorðna til að átta sig á ferlinu. Út frá þessari framvindu er hægt að skilgreina markmiðin. Ljóst er að þau standa ekki einangruð. Markmið á sviði hreyfingar nást ekki með einangruðum viðfangsefnum hreyfingar og atelier-vinna felur ekki eingöngu í sér virkni í að teikna og mála. Ung börn læra heildstætt og besta námsleiðin er leikurinn sem felur í sér öll náms sviðin. Þess vegna ber að líta á atriðin á þrepablöðunum sem hvata eða ábendingar, tilgangurinn er að auðga leik barnanna. Auk þrepablaða fyrir náms sviðin eru þrepablöð fyrir **félagsþroska**.

¹ Textinn sem hér fylgir einstaka náms sviði er upphaf lengri skýringartexta.

3. Skráning og úrvinnsla þrepablaða

Þrepablöðin hafa eftirfarandi dálka:

Nr.	Færni barnsins	Mat	Staðfesting
-----	----------------	-----	-------------

Þrepin eru *númeruð* eftir erfiðleikagráðu. Í dálknum *Færni barnsins* er virkni skilgreind. Í matsdálknum er:

- merkt með B (fyrsta birting) sem tákn fyrir að fyrstu sýnilegu merkin um viðkomandi færni hafa birst hjá barninu. Hlutverk kennara er að styðja það áfram í viðleitni sinni.
- merkt með G (getur gert) ef barnið getur örugglega útfært viðkomandi þátt. Það fær nú lof fyrir þann árangur sem náðst hefur. Gagnlegt að setja í dálkinn *Staðfesting* stutta lýsingu í hvaða samhengi þessi árangur náðist. Nú þarf að huga að nýjum verkefnum fyrir barnið. Sé ekkert skráð í dálkinn er barnið ekki byrjað að sýna viðkomandi færni. Ef til vill þarfnast það hvatningar.

Neðst á þrepablaðinu er dagsetning og undirskrift þess sem séð hefur um skráninguna.

Hversu oft er skráð ræðst af fyrirkomulagi á viðkomandi deild. Auk þrepablaðanna eru notuð sem hjálpargögn svokölluð viðmiðunarblöð (Kriterienblätter). Þar eru færnikrefin sett upp eins og á þrepablöðunum og til viðbótar er dálkur með nánari upplýsingum um hvernig hugsanlegt er að færnin komi fram.

Nr	Færni barnsins	Viðmið (mælikvarði)
----	----------------	---------------------

Þrepablöðin eru síðan varðveitt í ferilmöppu barnsins og fer úrvinnsla þeirra fram ársfjórðungslega eða á hálfárs fresti.

Þær upplýsingar sem koma fram á þrepablöðum einstakra barna má síðan nota í úrvinnslu fyrir deildina, til að gera samanburð á milli námssviða, milli hópa og skoða framvindu innan hópsins. Hér er um að ræða mikilvægt verkfæri til að meta starfið.


4. Efniviðurinn mótast af markmiðunum

Kennarar vinna sameiginlega að markmiðum fyrir deildina og og á grundvelli þeirra er gerður listi yfir það efni sem nauðsynlegt þykir fyrir starfið.

5. Út frá markmiðum þróast verkefni sem í boði eru: Lótusplan

Unnið er mánaðarplan sem byggir á því sem börnin aðhafast og þeirri greiningu sem kennarar komast að eftir að hafa spurt sig hvers vegna eru börnin virk á ákveðinn hátt. Út frá þessari vitneskju er skipulagt hvað sé vænlegt til að hvetja börnin og styðja þau áfram.

Þetta ferli er gert sýnilegt með svokölluðu Lótus-plani (uppbyggingin er sambærileg við blöð blómsins).



Í rauða kassann í miðjunni er sett spurningin: Hvað gera börnin? Í gulu reitina í kringum þann rauða er skráð sú virkni sem er mest áberandi hjá börnunum. Síðan er valið úr þessum þáttum og skráð í ytri gulu reitina nánari upplýsingar.

Á grundvelli þessarar vitneskju er tekið annað Lótus-bláð og skráð inn (í gulu reitina í miðjunni) það sem kennurum finnst ástæða til að leggja inn og bjóða börnunum upp á. Ytri reitirnir eru eins og áður fyrir nánari skilgreiningu á efninu. Með þessu móti fæst góð yfirsýn yfir hvað sé hægt að miðla til barnanna samfara leik þeirra.

6. Ferilmappa

Leikur er nám ungra barna. Ferilmappan lýsir vegi þeim sem barnið gengur í leik, hvort sem hann er auðfarinn eða á stundum erfiður. Það er samglaðst yfir árangri og skoðuð skref fyrir skref:

- Ferilmappa er safn gagna sem greina ekki eingöngu árangur heldur lýsir að einhverju leyti ferlinu sem barnið gengur í gegnum.
- Kjarni ferilmöppunnar er texti og myndefni sem sýnir að ákveðinni færni er náð.
- Ferilmappan sýnir virkni. Hún á að kynna barnið og umhverfi þess á þann hátt að hægt sé að ræða um nám og getu barnsins.

Ferilmappa á ekki að vera samansafn af tilviljunarkenndum upplýsingum. Markviss uppbygging með skýrt afmörkuðu inntaki er nauðsynleg svo mappan þjóni tilgangi sínum. Annars vegar eru það *ég-síður* og hins vegar námsferli-síður. Þá eru þrepalistarnir settir inn og einnig má láta fylgja upplýsingar um þroskaferlið sem og önnur skráningaratriði sem til eru og máli skipta fyrir einstaklinginn.

Ég-síðurnar eru blöð þar sem barnið getur uppgötvað eitthvað um sjálf sig- og með tímanum- lagt inn efni. Þarna koma fram eiginleikar barnsins í núinu og fortíðinni. Í texta og mynd er auk útlits (mynd, teikning) barnsins, fjallað um fjölskyldu þess og nánasta umhverfi. Þá eru vinirnir, það sem barnið hefur sérstaka ánægju af og hvað það gerir sérlega vel. Smám saman fer skráningin frá eiginleikum og dálæti barnsins yfir í að sýna færni þess.

Námsferli-síðurnar snúast um framfarir sem eru mikilvægar fyrir barnið. Fókusinn er á árangur, ekki á námsstigið sem slíkt. Ef viðkomandi atriði skipta máli fyrir barnið eiga þau heima í ferlimöppunni annars ekki. Hér eru þrepablöðin höfð til hliðsjónar og valið það mikilvægasta. Hvert barn fer sinn sérstaka veg og nemur á sinn hátt og í þessu sambandi skiptir ekki máli hvað önnur börn gera. Því geta þessar síður verið mjög ólíkar hjá börnunum.

Ferilmappan er mikilvægt tæki til að eiga samvinnu við foreldra enda leggja þeir sitt að mörkum við gerð hennar til dæmis í tengslum við *ég-síðurnar*. Í foreldraviðtölum er mappan útgangspunktur fyrir samræðurnar og þá er einnig mikilvægt að barn og foreldri geti skoðað möppuna í rólegheitum og upplifað þannig sameiginlega námsferlið.

Hér fylgja dæmi um þrepablöð í tónlist (þrep 1-3).

Þrepablað tónlist / þrep I

Nr	Færni	Mat	Staðfesting
.			
1	Þú getur myndað tóna með því að tralla eða söngla		
2	Þú rannsakar hvort hlutir geti gefið frá sér hljóð (tóna).		
3	Þú bregst við tónlist með hreyfingu.		
4	Þú reynir að dansa eftir tónlist.		
5	Þú reynir að klappa með sönglögum.		

Dagsetning/undirskrift

Þrepablað tónlist / þrep II

Nr	Færni	Mat	Staðfesting
.			
1	Þú getur hlustað á stutt tónverk og sönglög.		
2	Þú þekkir hreyfiromsur og getur útfært hreyfingar þær sem þeim fylgja.		
3	Þú getur framkallað tóna með einföldum hljóðfærum.		
4	Þú endurtekur í söng tóna hinna fullorðnu.		
5	Þú syngur (að hluta til) með í barnalögum.		

Dagsetning/undirskrift

Prepablað tónlist / þrep III

Nr	Færni	Mat	Staðfesting
1	Þú veist hvað sterkt og veikt, hratt og hægt, hátt og lágt tákna í tónlistinni.		
2	Þú veist hvernig þú getur notað óhefðbundna hluti sem hljóðfæri.		
3	Þú þekkir nokkra sönglög og getur sungið þau.		
4	Þú getur endurtekið einfaldar hrynmmyndir.		
5	Þú getur sungið með öðrum börnum ákveðna lagbúta eða dansað með þeim.		
6	Þú þekkir nokkur algeng hljóðfæri með nafni.		
7	Þú syngur eigin laglínur og endurtekur þær.		

Dagsetning/undirskrift

Viðmiðunarblað tónlist / þrep 1

Nr	Færni	Viðmið (mælikvarði)
1	Þú getur myndað tóna með því að tralla eða söngla	Þegar barnið framkallar tóna má greina laglínu brot og hryn.
2	Þú rannsakar hvort hlutir geti gefið frá sér hljóð (tóna).	Barnið rannsakar hluti með því að slá í, hrista eða láta detta...
3	Þú bregst við tónlist með hreyfingu.	Barnið hreyfir höfuð, fót eða ruggar með öllum líkamanum þegar það heyrir tónlist.
4	Þú reynir að dansa eftir tónlist.	Barnið hreyfir allan líkamann eða líkamshluta þegar það heyrir tónlist.
5	Þú reynir að klappa með sönglögum.	Barnið klappar í takt án þess að geta haldið (púls eða hryn tónlistarinnar) til streitu.

Viðmiðunarblað tónlist / þrep II

Nr.	Færni	Viðmið (mælikvarði)
1	Þú getur hlustað á stutt tónverk og sönglög.	Barnið hlustar með athygli á stutt tónverk og sönglög.
2	Þú þekkir hreyfiromsur og og getur útfært hreyfingar þær sem þeim fylgja.	Barnið sýnir að það þekkir framvindu slíkra hreyfileikja og geti greint á milli þeirra.
3	Þú getur framkallað tóna með einföldum hljóðfærum.	Barnið getur framkallað tóna með hristum, trommu eða bjöllum.
4	Þú endurtekur í söng tóna hinna fullorðnu.	Barnið reynir að herma eftir tóna sem hafðir eru fyrir þeim í söng.
5	Þú syngur (að hluta til) með í barnalögum.	Barnið syngur upphaf þekktra sönglaga og tónstefja.

Viðmiðunarblað tónlist / þrep III

Nr	Færni	Viðmið (mælikvarði)
1	Þú veist hvað sterkt og veikt, hratt og hægt, hátt og lágt tákna í tónlistinni.	Barnið getur nefnt eftir hlustun einfalda eiginleika tónlistar.
2	Þú veist hvernig þú getur notað óhefðbundna hluti sem hljóðfæri.	Barnið getur með því að blása í rör, með því að tromma á hola hluti eða á annan hátt framkallað hljóð (tóna) eða hryn.
3	Þú þekkir nokkra sönglög og getur sungið þau.	Barnið kann að minnsta kosti fimm sönglög sem það getur sungið með stuðningi annarra. Það getur endurtekið einfaldar laglínur.
4	Þú getur endurtekið einfaldar hrynmýndir.	Barnið getur haldið takti (púls/hrynur).
5	Þú getur sungið með öðrum börnum ákveðna lagbúta eða dansað með þeim.	Barnið getur farið eftir sameiginlegum reglum fyrir söngdansa.
6	Þú þekkir nokkur algeng hljóðfæri með nafni.	Barnið getur til dæmis nefnt gítar, píanó, trompet og fiðlu. Það hefur ákveðna hugmynd um hvernig tónar þessara hljóðfæra eru myndaðir.
7	Þú syngur eigin laglínur og endurtekur þær.	Barnið syngur til dæmis í leik sjálfsprottin lög sem líkjast þekktum sönglögum.